

SPENNANDI STARF Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR!



Starfsendurhæfingarsjóður leitar að sérfræðingi/ráðgjafa til starfa til að vinna að fjölbreyttum verkefnum á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða bæði ráðgjöf til einstaklinga á mismunandi starfsstöðvum og vinnu við ýmis þróunarverkefni hjá sjóðnum. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um er að ræða mjög krefjandi starf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi (t.d. á sviði sálfræði, náms- og starfsráðgjafar, iðjubjálfunar, sjúkrapjálfunar, félagsráðgjafar eða hjúkrunar)
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði ráðgjafar
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð skipulagshæfni og samskiptahæfni
- Leiðtogaþæfileikar og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

Að Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.